

Fundargerð



MÝVATN

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps.

47. fundur.

að Hlíðavegi 6, 28. nóvember 2008, kl. 11:00.

DAGSKRÁ:

1. Fundarsetning.
2. Fundargerð Bygginganefndar frá 18. nóv.
3. Ákvörðun útsvarsprósentu 2009.
4. Styrkbeiðni frá Bandalagi Íslenskra Skáta.
5. Erindi frá Landsvirkjun dags. 7. nóv. þar sem óskað er eftir athugasemdum við drög að tillögu að matsáætlun rannsóknarborana við Kröflu.
6. Erindi frá Umhverfisnefnd Alþingis dags. 17. nóv. þar sem óskað er umsagnar um tillögu til þingsályktunar um friðlýsingu vatnasviðs Skjálfandafljóts.
7. Þrjú erindi frá Skipulagsstofnun dags. 17. nóv. þar sem óskað er umsagnar á því hvort meta beri umhverfisáhrif fyrirhugaðra borana 3 eða 4 rannsóknarhola á háhitasvæðunum á Þeistareykjum, Kröflu og Gjástykki sameiginlega með mati á umhverfisáhrifum álvers á Bakka við Húsavík, Þeistareykjavirkjun, stækkun Kröfluvirkjunar og háspennulína frá Kröflu að Þeistareykjum til Húsavíkur.
8. Fundargerð Landbúnaðarnefndar frá 24. nóv.
9. Forsendur fjárhagsáætlunar 2009.

Til kynningar:

Fundargerð Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 31. okt.

Bréf frá ÍSÍ dags. 14. nóv.

Bréf frá Jóhannesi Steingrímssyni og Kristínu Halldórsdóttur dags. 10. nóv.

Mættir: Margrét Hólm Valsdóttir, Ingunn Guðbjörnsdóttir, Kristján Stefánsson, Dagbjört Bjarnadóttir, Böðvar Pétusson.

1. Fundarsetning.

Oddviti setti fund og óskaði eftir að máli 8 og 9 yrði bætt á dagskránnu. Samþykkt samhljóða.

Þá þakkaði oddviti sveitarstjórnarmönnum fyrir að bregðast vel við breyttum fundartíma þegar fyrirséð var að ekki var fundarfært í gær vegna veðurs og lét þess sérstaklega getið hversu ánægð hún væri með að vera aftur komin til starfa.

2. Fundargerð Bygginganefndar frá 18. nóv.

Liður 4, þar sem óskað er eftir samþykki raunteikninga íbúðarhúss í Reynihlíð, liður 5, þar sem óskað er eftir leyfi til að setja niður 40 feta gám við Helluhraun 12, liður 7, þar sem óskað er umsagnar nefndarinnar á endurnýjun rekstrarleyfis vegna gististaðar að Stöng 1 og liður 8, þar sem óskað er umsagnar nefndarinnar á rekstrarleyfi vegna gististaðar að Birkihrauni 5 og 7 eiga við um Skútustaðahrepps.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu Bygginganefndar á lið 7. Varðandi lið 4 þá veur það athygli sveitarstjórnar að undirskrift annars aðilans vantar á erindið til nefndarinnar. Eftir símtal við hlutaðeigandi gerir sveitarstjórn ekki athugasemd við afgreiðslu Bygginganefndar.

Varðandi lið 5 telur sveitarstjórn að Bygginganefnd hefði átt að skýra afgreiðslu sína betur þar sem leyfisbeiðandi óskar eftir byggingarleyfi en allajafna eru gámar á stöðuleyfi. Og varðandi lið 8, þá hefur sveitarstjórn nú þegar grenndarkynnt erindið fyrir nágrönnum.

3. Ákvörðun útsvarsprósentu 2009.

Lagt er til að útsvarsprósenta verði óbreytt 13,03%.
Samþykkt.

4. Styrkbeiðni frá Bandalagi Íslenskra Skáta.

Með bréfi dags. 24. október óskar Bandalag Íslenskra Skáta eftir stuðningi Skútustaðahrepps við Evrópskt skátamót sem haldið verður í júlí og að hluta til fer fram í Mývatnssveit. Áætlað er að um 50 skátar dvelji í sveitinni í fjóra daga.

Sveitarstjórn samþykkir að skátarnir fái afnot af skólahúsnæðinu til gistingar og aðgang að sundlauginni.

5. Erindi frá Landsvirkjun dags. 7. nóv. þar sem óskað er eftir athugasemdum við drög að tillögu að matsáætlun rannsóknarborana við Kröflu.

Með bréfi kynnir Landsvirkjun áform um að bora allt að fjórar rannsóknarholur við Kröflu. Tilgangur rannsóknarborana er að kanna eiginleika jarðhitasvæðisins í Kröflu. Rannsóknirnar eru nauðsynlegur liður í öflun upplýsinga um hversu mikinn vinnanlegan jarðhita sé þar að finna.

Meðfylgjandi eru drög að tillögu að matsáætlun um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar og.

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps gerir ekki athugasemdir við drögin en beinir því til Landsvirkjunar að kannaður verði sá kostur að leggja frekar nýjan vegslóða frá borteig K-18 að borteig 3 og þaðan að borteig 2, heldur en eins og sýnt er á bls. 22 í áætluninni, vegslóða frá Grænagili að borteig 2 og þaðan að borteig 3.

6. Erindi frá Umhverfisnefnd Alþingis dags. 17. nóv. Þar sem óskað er umsagnar um tillögu til þingsályktunar um friðlýsingu vatnasviðs Skjálfandafljóts.

Með bréfi óskar Umhverfisnefnd Alþingis umsagnar um hjálagða tillögu til þingsályktunar um friðlýsingu vatnasviðs Skjálfandafljóts, 34. mál.

Þó að sveitarstjórn Skútustaðahrepps geti tekið undir margt af því sem fram kemur í fyrnefndu plaggi þá telur hún að það sé ekki í hennar valdi að mæla með friðlýsingu Skjálfandafljóts. Slíkt hlýtur alltaf að vera á valdi þeirra sveitarfélaga sem þar fara með stjórnslu.

7. Þrjú erindi frá Skipulagsstofnun dags. 17. nóv. þar sem óskað er umsagnar á því hvort meta beri umhverfisáhrif fyrirhugaðra borana 3 eða 4 rannsóknarhola á háhitasvæðunum á Þeistareykjum, Kröflu og Gjástykki, sameiginlega með mati á umhverfisáhrifum álvers á Bakka við Húsavík, Þeistareykjavrikjun, stækkun Kröfluvirkjunar og háspennulína frá Kröflu og Þeistareykjum til Húsavíkur.

Í bréfi Skipulagsstofnunar kemur fram að stofnunin telji sér skylt að fjalla um málið í samræmi við 5. gr. laga nr. 106/2000 msb. Um mat á umhverfisáhrifum, er varða tilvik þar sem fleiri en ein matsskyld framkvæmd er fyrirhuguð á sama svæði.....

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps telur að skýra verði betur hvað átt er við með „sama svæði“ og þá hvort það geti verið að fyrirnefnd lagagrein eigi ekki við þar sem Krafla, Gjástykki og Þeistareykir eru ekki á sama svæði. Þeistareykir tilheyrðu Aðaldælahreppi hinum forna nú Þingeyjarsveit en Krafla tilheyrir Skútustaðahreppi. Vissulega má segja það þessi svæði séu á sama jarðhitasvæði en skipulagslega eru þau það ekki.

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps telur að fyrirnefndar framkvæmdir beri ekki að meta sameiginlega með mati á umhverfisáhrifum álvers á Bakka við Húsavík. Sveitarstjórn er þeirrar skoðunar að meiri en minni líkur séu til þess að virkjað verði á Þeistareykjum og í Kröflu óháð því hvort af álversframkvæmdum verði á Bakka við Húsavík.

8. Fundargerð Landbúnaðarnefndar frá 24. nóv.

Í öðrum lið fundargerðarinnar kemur fram að samþykktir reikningar til uppgjörs fjallskila eru kr. 246.942,-. Fjallskilasjóðsgjald pr. kind er kr. 126,-. Kostnaður vegna girðinga er kr. 666.939,- og girðingargjald pr. kind í hreppnum kr. 142,-. Þá kemur og fram að einum reikningi hafi verið hafnað. Í þriðja lið fundargerðarinnar er vitnað í gangnaskýrslu Alfdísar Stefánsdóttur þar sem athugasemd er gerð við að búið sé að leggja vegslóða í gegnum hraunið í Gjástykki sem er fær öllum, jafnvel fólksbílum. Því sé greið leið fyrir fé að fara á milli hreppa þar sem girðinguna vantar. Nefndin beinir því til sveitarstjórnar að úr þessu verði bætt næsta vor. Í fjórða lið fundargerðarinnar

leggur Landbúnaðarnefnd það til að fyrirkomulag gangna verði skoðað fyrir næsta haust.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við annann og fjórða lið fundargerðarinnar. Varðandi þriðja liðinn lýsir sveitarstjórn sig tilbúna að óska eftir viðræðum við Þingeyjarsveit um fyrirkomulag girðinga í Gjástykki.

9. Forsendur fjárhagsáætlunar 2009.

Í forsendum fjárhagsáætlunar Skútustaðahrepps fyrir árið 2009 er gert ráð fyrir sömu skatttekjum í krónum talið og fyrirséð er að verði 2008. Ekki er gert ráð fyrir aukaframlagi frá Jöfnunarsjóði. Gert er ráð fyrir auknum rekstrarkostnaði vegna verðlagsþróunar og nýrra kjarasamninga. Ekki er gert ráð fyrir verulegum samdrætti í rekstri sveitarfélagsins. Gjaldskrár tónlistarskóla, leikskóla, og hitaveitu verða óbreyttar. Fyrirhugað er að byggja nýjan kaldvatnsgeymi og halda áfram að endurnýja veitulagnir. Ekki er þörf á lántökum vegna þeirra framkvæmda. Ljóst er að vegna þess efnahagsástands sem skapast hefur er erfitt að meta hvaða forsendur gefa skal við fjárlagagerð og því ennþá brýnna en áður að fylgjast vel með þróuninni.

Þá vill sveitarstjórn láta þess getið að Skútustaðahreppur tapaði engum peningum við hrun bankanna.

Fleira ekki gert.
Fundi slitið.
Margrét Hólm Valsdóttir,
Ingunn Guðbjörnsdóttir,
Kristján Stefánsson,
Dagbjört Bjarnadóttir,
Böðvar Pétursson.